



Borgarráð

Suðurlandsbraut 70-72 - Úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að úthluta Hjálpræðishernum kt. 670812-1970, Kirkjustræti 2, 101 Reykjavík, tveimur lóðum ásamt byggingarrétt við Suðurlandsbraut nr. 72 og 74, í samræmi við samþykkt borgarráðs á lóðarvilyrði dags. 3.3.2016. Fyrir lóð ásamt byggingarrétti sem miðast við allt að 1200 fermetra byggingu greiðast kr. 44.155.200, þar af er gatnagerðargjald kr. 22.555.200.- og greiðsla fyrir byggingarrétt er kr. 21.600.000.-

Umræddar lóðir hafa verið sameinaðar með deiliskipulagi sem tók gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda þann 6.9.2016.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að gera hljóðmön og ber ábyrgð á mótun hennar og yfirborðsfrágangi en Hjálpræðisherinn leggur til allan uppgröft úr grunni hússins til gerðar hennar. Greiða skal fyrir lóðina innan 45 daga eftir staðfestingu borgarráðs á úthlutun lóðarinnar.

Verði ekki af greiðslu lóðarverðs í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests eða ef að vanskil verða á greiðslu lóðarverðs getur það varðað afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Fráveituheimæðagjald skv. gjaldskrá Veitna er innheimt af Veitum ohf. (áður Orkuveitu Reykjavíkur).

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða viðbótargatnagerðargjald fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag svo og fyrir aukinn byggingarrétt á sama verði og hann reiknast á í lóðaúthlutun þessari.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við. Að öðru leyti gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá hér reykjavik.is/lodir og deiliskipulagsskilmálar fyrir Suðurlandsbraut 58-76 í Reykjavík, auglýst í B-deild stjórnartíðanda 6. september 2016.

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur

verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Hrólfur Jónsson